

## Fundargerð

---

**Priðji fundur vetrarins 2008-2009 í stjórn foreldrafélags Sjálandsskóla var haldinn miðvikudaginn 15.október 2008 í Sjálandsskóla og hófst fundurinn kl. 12.00**

**Mættir: Guðrún Kristjánsdóttir, Jóna Þorvaldsdóttir, Berglind Víðisdóttir, Einar Páll Tamini, Ólöf S.Sigurðardóttir og Helgi Grímsson**

**Efni fundarins: Afleiðingar erfiðs efnahagsástands þjóðfélagsins á líðan og hegðun barna í Garðabæ.**

Á fundi þann 7.október í stjórn foreldrafélagsins kom fram að samfélagið stendur á tímamótum vegna grundvallarbreytinga á efnahagskerfi þjóðarinnar. Þær breytingar geta haft víðtæk áhrif á börnin okkar. Vegna þessa ástands sé aukafundur með stjórnendum Sjálandsskóla nauðsynlegur til þess að við getum búið okkur og skólann undir þær afleiðingar sem þeir erfiðleikar sem heimili standa frammi fyrir gætu haft á líðan og hegðun barnanna í skólanum. Stjórn foreldrafélagsins álýtur það vera á sinni ábyrgð að láta sig þetta varða og óskar því eftir samvinnu við skólann um þetta málefni.

Eftirfarandi kom fram.

1. Kalla breyttar aðstæður í samfélaginiu á aukna að komu foreldra að skólastarfi?

Fram kom hjá Helga og Ólöfu að skólinn eigi að vera og sé griðastaður nemenda. Í skólanum séu efnahagsþrengingar í samfélagini ekki ræddar. Umræðan eigi að fara fram á heimilunum. Börnin upplifi þessa hluti á ólíkan hátt. Fram kom að mikilvægt sé að koma ekki af stað óþarfa ótta eða ýta undir tilfinningar um að hlutirnir séu verri en þeir eru.

Einnig kom fram að ef nemandi verður fyrir alvarlegu áfalli eins og að missa einhvern nákominn sé unnið eftir áfallaáætlun skólans. (Er á heimasíðu skólans).

Núna í þessu ástandi sem ríkir í samfélagini fylgjast kennrarar og starfsfólk skólans vel með líðan og hegðun nemendanna og sérstaklega sé brugðist við ef nemandi sýnir breytta eða ólíka hegðun frá því sem hann er vanur að sýna.

2. Ólöf minnti á birtingarmyndir fjárhagserfiðleika á heimilum sem væru oft aukið

## Fundargerð

---

heimilisofbeldi, aukin áfengisneysla, skilnaðir og jafnvel sjálfsvíg. Fundarmenn ræddu að mikilvægt væri í þessu samhengi að horfa til lengri tíma

Ólöf sagði fundarmönnum frá því ferli sem fer í gang þegar um einelti er að ræða í skólanum. Þá sé unnið eftir eineltisáætlun sem yfirleitt gengi vel að fylgja eftir.

3. Guðrún bendir á að skólinn geti verið höggstaður fyrir vanlíðan foreldra á tímum sem þessum. Einar minnir á að börnin eigi jafnel foreldra sem aðrir eru að úthúða. Hann bendir á að samskiptin eða dýnamikin í samskiptum geti breyst.
4. Helgi og Ólöf lögðu áherslu á mikilvægi vinahópanna. Lögð verður áhersla á að vinahóparnir eiga ekkert að kosta og vera afslöppuð samvera. Þau ræða við umsjónarkennarana vegna bekkjarfjörs. Rætt um reglur varðandi afmæli og hverjum eigi að bjóða. Það eigi að vera þannig að ef boðið er í skólanum þurfi að bjóða öllum í hópnum, öllum stelpunum eða öllum strákunum. Hámarksverð fyrir afmælisgjöf eigi að vera kr. 800.-

Fleira ekki rætt.